

## Minnisblað

Dags: 22.10.17

### Efni: Tillaga að hirðingu seyru og kaup á mynda og stíflulosunarbúnaði röra.

Á undanförnum árum hefur komið til tals að breyta fyrirkomulagi á að hirða seyru sveitarfélaga. Tveir möguleikar hafa verið uppi á borði, annarsvegar að sveitarfélögin bjóði allt út saman eða kaupa bíl sem sveitarfélögin myndu reka í sameiningu.

Ýmsir gallar eru á báðum aðferðum og því erfitt að segja að önnur sé réttari en hin. Vandamál við núverandi kerfi hefur verið að verktakar eru ekki að sinna tæmingu innan þess tímaramma sem við setjum, en tímarammi okkar er frá maí og fram í miðjan október. Ábyrgðartilfinning verktaka er lítil varðandi að tryggja skráningu og eru ekki tilbúnir að leggja á sig auka vinnu við að finna lausn á að opna símahlið þó þeim sem boðið greiðsla fyrir. Þó þeir finni lausn á að opna hlið er hún ekki varanleg og sama vandamál kemur upp næst þegar þarf að opna. Samt er búið að búa til lista með númerum og finna farveg til að skrá hliðin í kerfi okkar.

Með því hafa eigin starfsmann myndum við fyrirbyggja ofangreind vandamál en í stað þess kæmi inn eignarhald og rekstur á tækjum til að sjá um tæmingar. Utanumhald yrði meira og tryggja yrði vinnu fyrir einn starfsmann allt árið auk sumarstarfsmanns.

Ekki er til nákvæm tala á fjölda þróa þó má áætla að þær séu um 7000. Kostnaður við tæmingu er breytilegur milli sveitarfélaga en í útreikningi áætlum við að kostnaður á þró sé um 20 þús.kr. Þetta gerir um 140 m.kr. miðað við að allar þrær séu ekki stærri en 4 m<sup>3</sup> og séu þær tæmdar á þriggja ára fresti er kostnaðurinn 47 m.kr. á ári. Talsverðan hluta þróa þar þó að tæma örar og/eða eru stærri. Því má reikna með 15% hækkun sem er þó varlega áætlað eða um 54 m.kr.

Samkvæmt tilboði sem við fengum 2016 kostar nýr bíll með þeim búnaði sem við óskuðum eftir um 35 m.kr. en miðum hér við 40 m.kr. Reiknað er með að bíllinn megi nota í 10 ár og viðhaldskostnaður 20% á ári, því áætlað að kostnaður sé 12 m.kr. á ári.

Reiknað er með að hægt sé að tæma 25 þrær í hverja ferð og að meðallengd að hverju hverfi sé 80 km fram og til baka og þá ca. 100 ferðir á ári. Með viðbótar safnvagni má fækka ferðum en við tökum það ekki með í þennan reikning. Miðað er við að olía kosti 200 kr/l og eyðsla sé um 50 l/100km. Kostnaður við olúkaup vegna akstur yrði innan við 1 m.kr. kostnaður við olúkaup vegna vinnu við dælingu er 1,5 m.kr. Þetta verðu þó lægra þar sem þessir bílar mega nota vélaolíu.

Ráða yrði starfsmann í fullt starf sem gæti nýst í annað á veturna en myndi líka sjá um viðhald bíls og vera með umsjón á Saurbæ. En ráða þyrfti með honum sumarstarfsmann til aðstoðar yfir háannatímam. Kostnaður við bókhald má ætla að sé um 20% vinna. Áætlaður kostnaður við þetta er um 13 m.kr. á ári.

Áætla má því að samanlagður kostnaður á ári sé

- |                                       |                  |
|---------------------------------------|------------------|
| • Afvötnunarbíll (viðhald og polymer) | 12 m.kr.         |
| • Olíukostnaður                       | 2,5 m.kr.        |
| • Starfsmannahald og bókhald          | 13 m.kr.         |
| • <u>Ófyrirséð 15%</u>                | <u>4,5 m.kr.</u> |
| • Samt.                               | 32 m.kr.         |

Tekið skal fram að miðað er við 20 þús.kr. á þró en gjaldið er þó lægra á sumum stöðum en þó tæming á þró færi niður í 15 þús.kr. myndi samt vera ódýrara að vera með eigin bíl. Auk þess sem afgangur er til að kalla til annan bíl til aðstoðar ef þörf þykir.

Núþegar eru sveitarfélögin með sameiginlegan rekstu vegna Saurbæjar og því væri tilvalið að bæta þessu inn í þann rekstur, ef úr yrði.

### **Myndavél og stíflulosun.**

Nokkuð hefur verið rætt um að eignast myndavél til að mynda fráveiturör en meiri og meiri þörf er að verða á að nota slík tæki. Þetta væri verkefni sem Saurbær gæti haldið utan um og sinnt sveitarfélögunum um þjónustu. Kostnaður við svona búnað er um 3 m.kr. og ef leifi fæst myndi Tæknisviðið vilja fá nákvæmari verð og yfirlit yfir búnað.

Börkur Brynjarsson  
Tæknisvið Uppsveita.